

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2025/2241****2026/EES/30/07****frá 5. nóvember 2025****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/627 að því er varðar skoðanir eftir
slátrun á nautgripum, sauðfé og geitum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fôður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum d-lið 8. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/627 ⁽²⁾ er mælt fyrir um samræmt, hagnýtt fyrirkomulag við framkvæmd opinbers eftirlits og aðgerðir í tengslum við framleiðslu á afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til mannelis í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/625, þ.m.t. skoðun eftir slátrun.
- 2) Í 19. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/627 er kveðið á um verklagsreglur við skoðun eftir slátrun á nautgripum öðrum en þeim sem eru yngri en átta mánaða og á nautgripum öðrum en þeim sem eru yngri en 20 mánaða ef þeir eru aldir allan lífsferil sinn án aðgengis að beitilandi í aðildarríki eða á svæðum þeirra sem eru opinberlega laus við berkla í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/620 ⁽³⁾. Einkum er í f-lið 1. mgr. 19. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/627 kveðið á um að þessi dýr skulu undirgangast sjónræna skoðun á meltingarvegi, garnahegi, eitlum í maga og eitlum í garnahegi (latnesk heiti: *gastrici*, *mesenterici*, *craniales* og *caudales*) og þreifingu á eitlum í maga og garnahegi.
- 3) Samkvæmt vísindalegu álitu Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) ⁽⁴⁾ um hættu fyrir lýðheilsu sem skoðun á kjöti (nautgripir) á að ná yfir geta þreifingar skapað áhættu fyrir lýðheilsu vegna hugsanlegrar víxlmengunar við matarborna sjúkdómsvalda sem eru hugsanlega til staðar á skrokkum eða slátrumat. Í álitu Matvælaöryggisstofnunarinnar er þó mælt með því að viðhalda nokkrum þreifingum og ristum í öndunarveg dýranna til að fylgjast með tilvist berkla. Þar eð eitlar í maga og garnahegi eru ekki staðsettir í öndunarvegi og til að einfalda hagnýtt fyrirkomulag skoðunar eftir slátrun ætti að fella brott skylduna um að framkvæma þreifingu á eitlum í maga og garnahegi í nautgripum við kerfisbundna skoðun eftir slátrun. Breyta ætti f-lið 1. mgr. 19. gr. til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2025/2241, 6.11.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2026 frá 20. mars 2026 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2017/625/oj>.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/627 frá 15. mars 2019 um samræmt, hagnýtt fyrirkomulag við framkvæmd opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu, sem eru ætlaðar til mannelis, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 að því er varðar opinbert eftirlit (Stjtið. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 51, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2019/627/oj).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/620 frá 15. apríl 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar samþykki fyrir sjúkdómalausri stöðu og bólusetningarlausri stöðu tiltekinnna aðildarríkja eða svæða eða hólfa þeirra að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma og samþykki fyrir útrýmingaráætlunum vegna þessara skráðu sjúkdóma (Stjtið. ESB L 131, 16.4.2021, bls. 78, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/620/oj).

(4) „Scientific Opinion on the public health hazards to be covered by inspection of meat (bovine animals)“, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(6), 3266.

- 4) Vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar um hættu fyrir lýðheilsu sem skoðun á kjöti af sauðfé og geitum ⁽⁵⁾ á að ná yfir gerir það kleift að hafa mismunandi hagnýtt fyrirkomulag við skoðun eftir slátrun á sauðfé og geitum eftir aldri þessara dýra. Í 1. mgr. 20. gr. og 1. mgr. 21. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/627 er mælt fyrir um verklagsreglur við skoðun eftir slátrun á ungu, tömdu sauðfé og geitum og á öðru sauðfé og geitum, eftir því sem við á. Þessar verklagsreglur eru mismunandi eftir því hvort sauðféð er eldra eða yngra en 12 mánaða eða er komið með fullorðinsframtennur eða ekki og hvort geiturnar eru eldri eða yngri en sex mánaða. Gögn úr niðurstöðum skoðana eftir slátrun í sláturhúsum sýna að hættur fyrir lýðheilsu og hættur fyrir heilbrigði dýra sem fundust við skoðun eftir slátrun eru svipaðar hjá geitum yngri en sex mánaða og geitum sem eru sex til 12 mánaða gamlar. Í sláturhúsum á þar að auki að fjarlægja sérstakt áhættuefni úr skrokkum af sauðfé og geitum 12 mánaða og eldri í samræmi við V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 ⁽⁶⁾. Til að einfalda löggjöf og þar eð ekki yrðu skaðleg áhrif á matvælaöryggi ætti einnig að nota 12 mánaða aldurinn, sem notaður er til grundvallar ákvörðunar á því hvort fylgja ætti verklagsreglum við skoðun eftir slátrun á sauðfé sem kveðið er á um 20. gr. eða sem kveðið er á um í 21. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/627, til að ákveða hvaða verklagsreglur við skoðun eftir slátrun eigi við um geitur. Breyta ætti 20. og 21. gr. til samræmis við það.
- 5) Auk þess er í 2. mgr. 21. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/627 kveðið á um verklagsreglur við skoðun eftir slátrun á tömdu sauðfé og geitum öðrum en ungu sauðfé og geitum, eftir því hvort fyrsta reglubundna skoðunin leiðir í ljós vísbendingar um hugsanlega áhættu fyrir heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða velferð dýra. Í b-lið 2. mgr. 21. gr. er kveðið á um að rista í vélinda til að staðfesta tilvist tiltekinna sníkla sem skipta óverulegu máli fyrir heilbrigði manna og dýra. Ristur á vélinda geta skapað mikla áhættu á víxlmengun við sjúkdómsvalda sem eru hugsanlega til staðar. Af þessum sökum ætti að fjarlægja skylduna til þess að rista í vélinda. Breyta ætti b-lið 2. mgr. 21. gr. til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/627 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað f-liðar 1. mgr. 19. gr. kemur eftirfarandi:

„f) sjónræn skoðun á meltingarvegi, garnahengi, eitlum í maga og eitlum í garnahengi (latnesk heiti: *gastrici, mesenterici, craniales* og *caudales*)“.

- 2) Ákvæðum 20. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Ungt, tamið sauðfé og geitur“.

- b) Í stað inngangsmálsliðarins í 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„Skrokka og sláturmat úr sauðfé og geitum, sem eru ekki komin með fullorðinsframtennur, eða úr sauðfé og geitum sem eru yngri en 12 mánaða skal skoða eftir slátrun og fylgja eftirfarandi verklagsreglum:“

⁽⁵⁾ „Scientific Opinion on the public health hazards to be covered by inspection of meat from sheep and goats“, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(6), 3265.

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrömnar (Stjtið. EB L 147. 31.5.2001 bls. 1 ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2001/999/oj>).

3) Ákvæðum 21. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsmálsliðarins í 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„Skrokka og sláturmat úr sauðfé og geitum, sem eru komin með fullorðinsframtennur eða eru 12 mánaða eða eldri, skal skoða eftir slátrun og fylgja eftirfarandi verklagsreglum:“

b) í stað b-undirliðar í lið 2 kemur eftirfarandi:

„b) rista í lungu, barka og berkju- og miðmætiseitla.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. nóvember 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
